

**16. fundur atvinnumálanefndar Skaftárhrepps, kjörtímabilið 2018 – 2022, haldinn þann 7. febrúar 2020, kl. 16.00 á Kirkjubæjarstofu. Viðstaddir eru undirritaðir fulltrúar nefndarinnar ásamt atvinnufulltrúa Skaftárhrepps. Guðmundur Vignir boðar forföll en Lilja Hrund kemur í hans stað.**

**Dagskrá fundarsins er**

- 1. Lokun útibúss Arion banka á Kirkjubæjarklaustri**
- 2. Önnur mál**

---

### **1. Lokun útibús Arion banka á Kirkjubæjarklaustri**

Formanni atvinnumálanefndar var afhent undirskriftarlistar frá íbúum Skaftárhrepps og Öræfasveitar. Alls bárust 300 undirskriftir. Þar kemur fram að íbúar skori á Arion banka að endurskoða ákvörðun um skerta þjónustu sína á staðnum og loka útibúi. Fólkið í Skaftárhreppi er óánægt með að „stöðugt sé ráðist að grunnþjónustu“ og „Arion Banki sjái ekki ástæðu til að halda uppi viðunandi þjónustu eftir áratuga samstarf“. Bankinn hefur tilkynnt um að til standi að loka útibúinu í lok febrúar og setja upp endurbættan hraðbanka. Íbúar og fyrirtæki í Öræfum hafa einnig nýtt bankaþjónustu á Kirkjubæjarklaustri. Þess má geta að yfir 700.000 ferðamenn heimsóttu Skaftafell árið 2019, þar er vísað á Klaustur þegar ferðamenn spyrja eftir banka/hraðbanka. Með undirskriftarlistanum er skorað á stjórnendur Arion banka að endurskoða ákvörðunina. Þeir eru hvattir til að þess að á Kirkjubæjarklaustri verði áfram hefðbundin þjónusta og fundaraðstaða þar sem hægt verði að koma á samtali bankans og íbúanna.

Auk undirskriftalistanna barst formanni atvinnumálanefndar formleg kvörtun frá íbúasamtökum Öræfasveitar vegna lokunar útibússins á Kirkjubæjarklaustri. Þar er skorað á Arion banka að endurskoða ákvörðun sína um að skerða þjónustu sína með lokun útibússins á Klaustri. Fjöldi fyrirtækja í Öræfum og einstaklingar sækja bankaþjónustu á Klaustri og harma íbúasamtökin að bankinn skerði grunnþjónustu á svæðinu. Þá er einnig ítrekað miklar vegalengdir í næsta útibú sem er þá á Höfn í Hornafirði í 130 km fjarlægð og í Vík í Mýrdal í 140 km fjarlægð. Það er því ljóst að með lokun útibús á Kirkjubæjarklaustri skerðir Arion banki grunnþjónustu íbúa í Öræfum gríðarlega.

Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps harmar ákvörðun stjórnenda Arion banka um að loka útibúi sínu á Klaustri og lýsir óánægju sinni með þann fyrirvara sem gefinn er upp. Komið hefur skýrt fram hjá stórum hluta íbúa svæðisins að þau séu ekki tilbúin fyrir þá þjónustuskerðingu sem bankinn boðar. Við vísun í stefnu bankans um samfélagslega ábyrgð þar sem þeir segjast setja sig í spor viðskiptavinarins. Marmkið breytinganna er að aðlaga það að nýrri nálgun í bankaþjónustu þar sem áhersla er lögð á einfaldari og þægilegri þjónustu, m.a. með stórauðni aðgengi að stafrænni þjónustu. Það er nokkuð ljóst að með ákvörðun um lokun útibússins með 5 vikna fyrirvara að þeir íbúar sem kunna ekki á stafræna þjónustu munu eiga erfitt að aðlaga sig á fimm vikna tímabili. Hér eru margir íbúar sem lýsa þungum áhyggjum af þessu ástandi. Því leggur atvinnumálanefnd áherslu á að stjórnendur Arion banka endurskoði ákvörðun sína um skerta þjónustu eða sjái til þess að hér verði fulltrúi á vegum bankans sem aðstoðar íbúa við að nota stafræna þjónustu. Einnig verður að tryggja að sá fjöldi erlendra íbúa geti stofnað til reikningsviðskipta hnökralaust. Því beinir atvinnumálanefnd til sveitarstjórnar að taka þetta mál upp á næsta sveitarstjórnarfundum og óski eftir samtali við stjórnendur Arion banka um fyrirhugaða þjónustuskerðingu.

## 2. Önnur mál

Engin önnur mál

**Fundi slitið kl. 18.00**

**Sveinn Hreiðar Jensson (sign)**

**Rúnar Þorri Guðnason (sign)**

**Lilja Hrund Harðardóttir (sign)**

**Rannveig Ólafsdóttir (sign)**

**Þuríður Helga Benediktsdóttir (sign)**